

Lög

um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., með síðari breytingum (innleiðing EES-gerðar).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og/eða“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: eða.
- b. Í stað 3. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem hljóða svo: Skal form og efni slíkra upprunaábyrgða vera í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE. Form upprunaábyrgða skal staðfest af Orkustofnun.
- c. Í stað orðanna „síðustu 3, 6 eða 12“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: síðustu tveggja til tólf.

2. gr.

Í stað orðanna „tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 19. desember 2011.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 19. júní 2012.